



Minnstu launabreytingar í níu ár - en kaupmáttur enn á uppleið

Hægt hefur á hækkingum launa

Samkvæmt tölum Hagstofu Íslands hækkaði launavísitalan um 0,3% milli nóvember og desember. Síðustu 12 mánuði hefur launavísitalan hækkað um 4,5%, sem er eilítið meiri ársbreyting en verið hefur síðustu mánuði. Árhækkunartaktur launavísitölunnar var rúmlega 4% allan seinni hluta ársins 2019, en var u.þ.b. 6% á sama tíma í fyrra.

Taka ber fram að launavísitalan hefur verið lægri en ella síðustu mánuði þar sem mjög litlar launahækkningar hafa orðið á opinbera markaðnum, en þar hefur gengið illa að ná kjarasamningum.

Minnsta breyting milli ára frá 2010

Launavísitalan hækkaði um 4,9% milli árunna 2018 og 2019 sem er minna en síðustu ár. Á milli árunna 2017 og 2018 hækkaði launavísitalan um 6,5%, um 6,8% milli 2016 og 2017 og 11,4% árið þar á undan. Þróunin hefur því verið nokkuð jöfn niður á við.

Breytingin milli ára nú er sú minnsta frá árunum 2009 og 2010, en þá hækkuðu launin um 3,9% og 4,8% milli ára. Meðalbreyting launavísitölunnar milli ára frá árinu 1990 var hins vegar 6,5%.


Kaupmáttur enn vaxandi

Þrátt fyrir mun minni launabreytingar en á síðustu árum jókst kaupmáttur um 1,8% á milli árunna 2018 og 2019. Á árinu 2018 jókst kaupmáttur um 3,7% frá fyrra ári og um 5% og 9,5% á árunum þar á undan. Kaupmáttaraukningin hefur því orðið sífellt minni á síðustu árum, allt frá árinu 2016. Árið í fyrra var hins vegar níunda árið í röð sem kaupmáttur launa jókst frá fyrra ári. Kaupmáttur dróst saman árin 2008-2010 en hafði aukist á hverju ári í 13 ár þar á undan. Meðalaukning kaupmáttar á ári var 1,9% á árunum 1990-2019.

Mjög mismunandi breytingar á mörkuðum


Eins og áður segir er launavísitalan í dálítið skrýttinni stöðu nú um stundir þar sem eins konar

12 mánaða hækkingartaktur launa




Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Árlegar breytingar launavísitölu 1990 - 2018



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Kaupmáttarbreyting frá fyrra ári



Heimild Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans



launafyrsting er í gangi á opinbera markaðnum. Illa hefur gengið að koma saman kjarasamningum þar og því hreyfast laun mjög lítið á þeim markaði.

Sé lítið á launabreytingar hjá stóru hópunum á vinnumarkaðnum frá október 2018 til sama tíma 2019 sést að launin á almenna markaðnum hækkuðu um 4,9% á þessum tíma á meðan þau hækkuðu um 2,3% á þeim opinbera. Mæld launavísitala hækkaði um 4,2% á sama tíma.

Ójafnvægi að myndast milli markaða


Til lengri tíma breytast laun með svipuðum hætti á opinbera og almenna markaðnum. Frávik myndast einkum þegar kjarasamningar eru gerðir á mismunandi tímum og/eða þegar tiltölulega stórar áfangahækkanir koma á mismunandi tímum.

Svona misvægi hefur orðið til á árinu 2019 þegar samið var á vori á almenna markaðnum og opinberi markaðurinn hefur verið án samninga allt frá þeim tíma og fyrr. Mismunurinn á launaþróuninni er nú orðinn meiri en verið hefur á síðustu árum, en hann mun væntanlega jafnast með tímanum eftir að samningar hafa verið gerðir á opinbera markaðnum.

Góð staða miðað við aðstæður


Síðastliðin vetur var reiknað með töluverðri kólnun í efnahagslífinu og mikil óvissa var uppi um stöðuna á vinnumarkaðnum og afleiðingar kjarasamninga. Nú, ári síðar, má segja að nokkuð vel hafi spilað úr stöðunni. Kaupmáttur jókst á milli ára þar sem verðbólga hefur verið lægri en launahækkanir á tímabilinu. Hin hliðin á því máli er auðvitað sú að atvinnuleysi hefur aukist nokkuð á sama tímabili. En hvað kjarasamninga varðar og afleiðingar þeirra er staðan nokkuð góð á almenna markaðnum.

Launahækkun einstakra hópa
okt. 2018 - okt. 2019



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Launaþróun á tveimur mörkuðum



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.